

## Ályktun stjórnar Foreldrafélags Réttarholtsskóla

Stjórn Foreldrafélags Réttarholtsskóla lýsir yfir áhyggjum af miklum hraðakstri í götum í nágrenni skólans, þar á meðal Réttarholtsvegi, Sogavegi, Hæðargarði og Álmgærði en í öllum þessum götum er 30 km hámarkshraði. Samkvæmt upplýsingum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur hún með reglulegu millibili framkvæmt hraðamælingar í umræddum götum. Niðurstöður mælinganna staðfesta að ökumenn aka allt of hratt og að brothlutfall er hátt. Að sögn lögreglu hefur borgaryfirvöldum í öllum tilvikum verið gerð grein fyrir niðurstöðum mælinga.

Að undanfögnu hefur átt sér stað töluverð umræða á samfélagsmiðlum meðal foreldra barna sem búa við framangreindar götur eða þurfa að fara um eða yfir þær á leið sinni í Hvassaleitisskóla, Breiðagerðisskóla og Réttarholtsskóla. Kveðast foreldrarnir hafa áhyggjur af öryggi barna sinna hvort tveggja vegna gáleysislegs aksturslags og mikils umferðarhraða. Stjórn foreldrafélags Réttarholtsskóla tekur undir þessar áhyggjur og skorar á borgaryfirvöld að grípa þegar í stað til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja öryggi þeirra barna sem fara um eða yfir umræddar götur á leið sinni í skóla. Ljóst er að ýmsar leiðir koma þar til greina, miskostnaðarsamar, en þær gætu meðal annars falið í sér að gera umræddar götur að botnlangagötum, að setja upp gönguljós, að útbúa götuþrengingar, að setja upp hraðahindranir, að setja upp aðvörunarskilti sem sýna hraða ökumanns eða að tryggja gangbrautarvörslu, a.m.k. í mesta skammdeginu.

Reykjavík, 28. janúar 2021.

Stjórn foreldrafélags Réttarholtsskóla

Aðalsteinn Haukur Sverrisson

Anna Gígja Kristjánsdóttir

Baldvin A B Aalen

Gizur Bergsteinsson

Hrönn Ívarsdóttir

Ingunn Mary

Jón Valdimarsson

Sandra Sigríðardóttir Jónsdóttir

Sigrún Jóhanna Marteinsdóttir